



## Samgöngustofa Innheimta kostnaðar

Maí 2017

# Efnisyfirlit

Niðurstöður og ábendingar .....	3
Viðbrögð við ábendingum .....	6
1 Inngangur.....	7
2 Gjaldskrá Samgöngustofu.....	9
2.1 Tilurð, lagastoð og forsendur .....	9
2.2 Fast gjald – tímagjald – ferðakostnaður.....	11
2.3 Kvartanir vegna gjaldskrárinnar .....	14
3 Gjaldskrá Póst- og fjarskiptastofnunar .....	16
3.1 Tilurð, lagastoð og forsendur .....	16
4 Gjaldskrá Matvælastofnunar.....	19
4.1 Tilurð, lagastoð og forsendur .....	19
5 Gjaldskrá Fiskistofu.....	23
5.1 Tilurð, lagastoð og forsendur .....	23

# Niðurstöður og ábendingar

Ríkisendurskoðun gerir ekki athugasemd við þau þjónustugjöld sem Samgöngustofa innheimtir samkvæmt gjaldskrá og tengjast einkum útgáfu ýmiss konar skírteina, starfsleyfa og vottorða, skráningum, skoðunum, eftirliti og heimildum sem varða flug, siglingar, umferð og öryggiseftirlit með samgöngumannvirkjum og leiðsögu. Gjöld þessi byggja á 13. gr. laga nr. 119/2012 um stofnunina og gjaldskrá hennar nr. 338, með síðari tíma breytingum, sem innanríkisráðherra staðfesti 24. mars 2015. Vert er að geta þess að Ríkisendurskoðun kannaði ekki sérstaklega hvort fjárhæð gjaldanna væri í samræmi við kostnað Samgöngustofu vegna þjónustunnar sem hún innir af hendi hverju sinni þar sem stofnunin hyggst sjálf vinna slíka greiningu á árinu 2017. Ríkisendurskoðun bendir á mikilvægi þess að vel sé vandað til þess útreiknings.

Engar athuga-  
semdir gerðar við  
þjónustugjöld  
Samgöngustofu

Í lögum um Samgöngustofu er sérstaklega kveðið á um að fjárhæð þjónustugjalda taki mið af þeim kostnaði sem almennt hlýst af eftirliti og þjónustu stofnunarinnar. Í því sambandi eru tilgreindir þeir kostnaðarliðir sem stofnuninni er heimilt að leggja til grundvallar þegar gjöld eru ákveðin. Um er að ræða laun og launatengd gjöld, framleiðslu, akstur, þjálfun og endurmenntun, aðkeypta sérfræðiþjónustu, húsnæði, starfsaðstöðu, fjarskiptabúnað og tæki, stjórnunar- og stoðþjónustu og alþjóðlega samvinnu í þágu samgangna auk ferða og uppihalds og útlagðs kostnaðar, svo sem við ferðir, uppihald og aðkeypta sérfræðiþjónustu í þágu eftirlitsskylds aðila. Að mati Ríkisendurskoðunar eru forsendur gjaldskrárinnar skýrar og í meginatriðum í samræmi við forsendur gjaldskráa þeirra ríkisstofnana sem teknar voru til samanburðar, þ.e. Póst- og fjarskiptastofnunar, Matvælastofnunar og Fiskistofu.

Forsendur gjald-  
skrár Samgöngu-  
stofu skýrar

Þau þjónustugjöld sem tilgreind eru í gjaldskrá Samgöngustofu fela í flestum tilvikum í sér fast krónugjald fyrir tiltekna þjónustu, óháð því hvar þjónustan er veitt eða hve langan tíma tekur að veita hana. Um jafnaðar- eða meðaltalsgjald er því að ræða. Samkvæmt lögum um Samgöngustofu er stofnuninni þó í vissum tilvikum heimilt að innheimta tímagjald fyrir hverja klukkustund sem skoðun eða mat tekur, einkum þegar um er að ræða verkefni sem krefjast breytilegs umfangs og tíma. Það tímagjald sem innheimt er í þessum tilvikum er tilgreint í viðauka við gjaldskrá stofnunarinnar. Í gjaldskránni er þess einnig getið hvenær eftirlitsskyldum aðilum Samgöngustofu ber að greiða útlagðan kostnað vegna ferða og uppihalds skoðunarmanns og aðkeyptrar sérfræðiþjónustu stofnunarinnar.

Oftast innheimt  
jafnaðargjald

Sá munur sem felst í gjaldtöku Samgöngustofu eftir því hvort innheimt er fast krónugjald eða tímagjald stafar einkum af því að gjaldskrá stofnunarinnar byggir enn í meginatriðum á gjaldskrá þeirra stofnana sem sameinuðust undir merki Samgöngustofu 1. júlí 2013, þ.e. Umferðarstofu og Flugmálastjórnar Íslands og þeirra stjórnarsýslu- og eftirlitsverkefna sem áður voru á hendi Siglingastofnunar Íslands og Vegagerðarinnar. Við þá sameiningu var látið nægja að gera allra nauðsynlegustu breytingar á fyrir- liggjandi gjaldskrá, sem höfðu þá nýlega verið kostnaðargreindar, svo sem að sam-

Gjaldskrá Sam-  
göngustofu byggir  
á gjaldskrá þeirri  
stofnana

ræma tímagjald fyrir útselda vinnu og bæta við nokkrum gjaldaliðum vegna verkefna sem Samgöngustofu ber að sinna og gjaldaheimild er fyrir.

Kostnaður vegna sambærilegs eftirlits getur verið breytilegur

Vegna tímagjalds skoðunarmanns, ferða- og uppihaldskostnaðar hans og aðkeyprar sérfræðipjónustu getur kostnaður eftirlitsskyldra aðila vegna sams konar skoðunar eða eftirlits Samgöngustofu verið breytilegur eftir því hvar skoðun eða eftirlit fer fram. Í því sambandi má taka dæmi af eftirliti Samgöngustofu með flugtengdri starfsemi. Þegar starfsmenn hennar fara í eftirlits- eða skoðunarferð út fyrir höfuðborgarsvæðið, þar sem stofnunin hefur aðsetur, greiðir verkkaupi fyrir flug og/eða akstur. Athygli vekur þó að verkkaupi greiðir ekkert fyrir akstur vegna sambærilegrar skoðunarferðar til Keflavíkur. Eins getur verulegur kostnaður lent á eftirlitsskyldum aðila vegna eftirlits Samgöngustofu með nýsmíði eða breytingu skipa erlendis.

Samgöngustofu hefur aðeins borist ein formleg kvörtun um lög- mæti gjaldtöku

Viðskiptavinir Samgöngustofu eru jafnan upplýstir fyrirfram um væntanlegan kostnað vegna eftirlits eða skoðunar. Samkvæmt upplýsingum frá Samgöngustofu hefur aðeins ein formleg kvörtun borist stofnuninni um lögsmæti tiltekinna gjaldtöku. Í því máli var jafnframt óskað eftir skýringum á útreikningi gjaldtökunnar sem fól í sér tímagjald. Í svari sínu við þessari kvörtun benti Samgöngustofa á lagaheimild sína fyrir gjaldtökunni. Stofnunin endurskoðaði engu að síður kostnaðargreiningu sína vegna þjónustunnar sem veitt var og lækkaði tímagjaldið til samræmis við þá greiningu. Gjaldskrá stofnunarinnar var í framhaldinu breytt með hliðsjón af þessu. Þeirri niðurstöðu var ekki mótmælt. Samkvæmt upplýsingum innanríkisráðuneytis hafa því ekki borist kvartanir um skort á lagaheimild vegna gjaldtöku Samgöngustofu. Ekki verður heldur séð að umboðsmaður Alþingis hafi tekið fyrir kvartanir sem varða gjaldskrá stofnunarinnar.

Mikilvægt að endurskoða gjaldskrá og efla verkbókhald

Þótt almennt virðist ríkja nokkur sátt um gjaldtöku Samgöngustofu hvetur Ríkisendurskoðun bæði stofnunina og innanríkisráðuneyti til að standa við fyrirhuguð áform um að endurskoða á þessu ári núverandi gjaldskrá stofnunarinnar. Við þá endurskoðun ber að kanna hvort rétt sé að samræma betur gjaldtöku vegna sambærilegra verkefna, sbr. áður nefnt dæmi um eftirlit með flugtengdri starfsemi. Að mati Ríkisendurskoðunar er sömuleiðis eðlilegt að Samgöngustofa vísi beint í einstaka gjaldskrárliði í reikningum sínum. Á þann hátt er stuðlað að auknu gagnsæi og skýrleika. Um leið er mikilvægt að Samgöngustofa efla verkbókhald sitt til þess að unnt sé að sýna fram á að fjárhæð gjalda samsvari jafnan þeim kostnaði sem almennt hlýst af þjónustunni sem hún veitir.

Lítill munur á gjaldskrá Samgöngustofu og samanburðarstofnana

Samanburður á gjaldskrá Samgöngustofu, Póst- og fjarskiptastofnunar, Matvæla- stofnunar og Fiskistofu sýnir að á þeim er enginn grundvallarmunur. Allar eiga stofnanirnar að miða gjöld sín við raunverulegan kostnað vegna þjónustunnar sem þær veita. Þá eiga þær allar að horfa til sömu eða sambærilegra kostnaðarliða, þ.e. launa og launatengdra gjalda, aksturs, þjálfunar og endurmenntunar, aðkeyprar sérfræðipjónustu, húsnæðis, starfsaðstöðu, fjarskipta, búnaðar og tækja, stjórnunar og stoðþjónustu og alþjóðlegrar samvinnu, auk ferða og uppihalds sem af því leiðir. Útfærsla stofnananna á gjaldtökunni er á hinn bóginn nokkuð mismunandi.

Almennt hefur staðsetning eftirlitsskylds aðila engin áhrif á gjaldtöku Fiskistofu, þ.e. allir greiða sama gjald óháð fjarlægð þeirra frá starfsstöðvum stofnunarinnar. Í meginatriðum er um að ræða sama fyrirkomulag í gjaldskrá Póst- og fjarskiptastofnunar og Matvælastofnunar. Á þessu eru þó vissar undantekningar. Eftirlitsskyldur aðili greiðir t.d. útlagðan kostnað Fiskistofu vegna ferða starfsmanna stofnunarinnar til að fylgjast með löndun skipa erlendis. Á sama hátt greiða viðskiptavinir Póst- og fjarskiptastofnunar allan ferðakostnað við skoðun erlendra skipa, þ.e. flug og/eða akstur, dagpeninga og tímagjald skoðunarmanns samkvæmt verkþókhaldi stofnunarinnar. Loks innheimtir Matvælastofnun ferða- og upphaldskostnað skoðunarmanns í vissum tilvikum, þ.e. vegna eftirlits með verkunarstöðvum fyrir hvalkjöt og heilbrigðisskoðun á hvalaafurðum. Í þessum tilvikum hefur staðsetning eftirlitsskylds aðila áhrif á gjaldtöku.

Staðsetning hefur í sumum tilvikum áhrif á gjaldtöku

Að mati Ríkisendurskoðunar er eðlilegt að stjórnvöld samræmi sem mest innheimtu sína samkvæmt gjaldskrá til að tryggja að jafnræðis sé gætt. Um leið er mikilvægt að hugað sé að því að þeir sem greiða sama gjald eigi starfsemi sinnar vegna samleið og að tiltekinn hópur eftirlitsskyldra aðila greiði ekki niður þjónustu fyrir annan hóp.

Eðlilegt að stjórnvöld samræmi innheimtu gjalda

## Ábending til innanríkisráðuneytis

### 1. Endurskoða þarf gjaldskrá Samgöngustofu

Ríkisendurskoðun hvetur innanríkisráðuneyti og Samgöngustofu til að taka núverandi gjaldskrá stofnunarinnar til endurskoðunar og greina með nákvæmari hætti en gert hefur verið þá kostnaðarþætti sem hún grundvallast á lögum samkvæmt. Í því sambandi er mikilvægt að tryggja að fjárhæð þjónustugjalda samsvari jafnan þeim kostnaði sem almennt hlýst af þjónustunni sem veitt er. Einnig þarf að kanna hvort samræma þyrfti gjaldtöku vegna sambærilegra verkefna meira en gert hefur verið.

## Ábendingar til Samgöngustofu

### 1. Endurskoða þarf gjaldskrá Samgöngustofu

Ríkisendurskoðun hvetur Samgöngustofu og innanríkisráðuneyti til að taka núverandi gjaldskrá stofnunarinnar til endurskoðunar og greina með nákvæmari hætti en gert hefur verið þá kostnaðarþætti sem hún grundvallast á lögum samkvæmt. Í því sambandi er mikilvægt að tryggja að fjárhæð þjónustugjalda samsvari jafnan þeim kostnaði sem almennt hlýst af þjónustunni sem veitt er. Einnig þarf að kanna hvort samræma þyrfti gjaldtöku vegna sambærilegra verkefna meira en gert hefur verið.

### 2. Bæta þarf verkþókhald og utanumhald reikninga

Ríkisendurskoðun hvetur Samgöngustofu til að efla verkþókhald sitt svo að auðveldara sé að greina þann kostnað sem almennt hlýst af þjónustunni sem hún veitir. Einnig er mikilvægt að stofnunin vísi með skýrum hætti í gjaldskrána í reikningum sínum til viðskiptavina sinna.

# Viðbrögð við ábendingum

## Viðbrögð innanríkisráðuneytis

### 1. Endurskoða þarf gjaldskrá Samgöngustofu

„Áður en úttekt Ríkisendurskoðunar hófst hafði Samgöngustofa þegar hafið endurskoðun á gjaldskrá stofnunarinnar. Eins hafði ráðuneytið komið því formlega á framfæri við stofnunina í árangursstjórnunarsamningi frá því í júní 2016 að hún innleiddi verkþókhald með markvissari hætti sem grundvöll fyrir gjaldskrá stofnunarinnar. Ráðuneytið tekur undir ábendingar Ríkisendurskoðunar um að endurskoða þurfi gjaldskrá Samgöngustofu og horft verði til þeirra áhersluþátta sem fram koma í skýrslunni.“

## Viðbrögð Samgöngustofu

### 1. Endurskoða þarf gjaldskrá Samgöngustofu

„Frá stofnun Samgöngustofu, þann 1. júlí 2013, hefur farið fram mikil vinna í að sameina fjármál þeirra stofnana sem sameinuðust undir merkjum Samgöngustofu. Eitt af fyrstu skrefunum var að sameina ólíkar gjaldskrár í eina en við þá sameiningu var látið nægja að gera allra nauðsynlegustu breytingar á fyrirliggjandi gjaldskrá. Engin heildarendurskoðun fór fram, heldur var byggt á kostnaðargreiningu fyrri stofnana. Síðan hefur verið farið í vinnu við að endurskoða gjaldskrá Samgöngustofu og er ætlunin að þessi endurskoðun fari fram í tveimur hlutum á þessu ári.

Í fyrsta hluta verður farið í að leiðrétta ákveðna gjaldskrárliði samkvæmt rekstrarforsendum. Í seinni hlutanum verður farið í frekari samræmingu og heildarendurskoðun á gjaldskrá, auk þess sem farið verður í að leiðrétta einstaka liði skv. þeim greiningum sem byggðar verða á upplýsingum úr verkþókhaldi (sjá lið 2 hér á eftir).“

### 2. Efla þarf verkþókhald Samgöngustofu

„Verkþókhald er notað hjá stofnuninni að hluta til í dag, þá aðallega hjá þeim aðilum sem eru að selja út vinnu sína. Á seinni hluta ársins verður verkþókhaldið endurskoðað og innleitt að fullu hjá stofnuninni. Endurskoðun verkþókhalds mun miðast að því að betur sé hægt að greina þann kostnað sem hlýst af hverjum gjaldalið. Stofnunin mun strax hefja vinnu við að bæta við tilvísunum í gjaldskrá á þeim reikningum sem hún gefur út.“

# 1 Inngangur

Ríkisendurskoðun er sjálfstæð eftirlitsstofnun Alþingis og sækir heimild sína til stjórn-sýsluendurskoðunar í 6. gr. laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Slík endurskoðun felur í sér mat á frammistöðu þeirra aðila sem ríkisendurskoðandi hefur eftirlit með. Einkum er horft til meðferðar og nýtingar almanna-fjár, hvort hagkvæmni og skilvirkni sé gætt í rekstri stofnana og fyrirtækja í eigu ríkis-ins og hvort framlög ríkisins skili þeim árangri sem að er stefnt. Við mat á frammistöðu er m.a. litið til þess hvort starfsemi sé í samræmi við fjárheimildir, þá löggjöf sem um hana gildir og góða og viðurkennda starfshætti. Ríkisendurskoðun skal gera hlutaðeig-andi stjórnvöldum grein fyrir niðurstöðum sínum, vekja athygli á því sem hún telur hafa farið úrskeiðis í rekstri og benda á það sem athuga þarf með tilliti til úrbóta. Við úttektir sínar fylgir stofnunin verklagsreglum sem byggja á og eru í samræmi við staðla Alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana, INTOSAI, um stjórn-sýsluendurskoðun (sbr. einkum ISSAI 300 og ISSAI 3000).

Ríkisendurskoðun er sjálfstæð eftir-litsstofnun Alþingis

Hinn 18. október 2016 óskaði forsætisnefnd Alþingis eftir því að Ríkisendurskoðun ynni sérstaka skýrslu um innheimtu kostnaðar hjá Samgöngustofu. Beiðnin var lögð fram með vísun í 3. gr. þágildandi laga nr. 86/1997 um Ríkisendurskoðun þar sem fram kom að forsætisnefnd gæti að eigin frumkvæði eða samkvæmt óskum þingmanna krafist skýrslna um einstök mál sem falla undir starfsemi Ríkisendurskoðunar.

Skýrslubeiðni frá forsætisnefnd Alþingis

Með beiðni nefndarinnar fylgdi bréf tiltekins alþingismanns til forsætisnefndar frá 11. október 2016 þar sem óskað var eftir því að Ríkisendurskoðun kannaði forsendur gjaldskrár Samgöngustofu og hvernig hún væri byggð upp, m.a. með tilliti til stað-setningar fyrirtækja sem stofnunin hefur eftirlit með. Jafnframt yrði gjaldskrá Sam-göngustofu borin saman við gjaldskrár sambærilegra eftirlitsstofnana, þ.e. Póst- og fjarskiptastofnunar, Matvælastofnunar og Fiskistofu.

Hugað að forsend-um og uppbygg-ingu gjaldskrár Samgöngustofu

Ríkisendurskoðun féllst á beiðni forsætisnefndar. Í framhaldinu óskaði stofnunin eftir ýmiss konar upplýsingum og gögnum frá ofangreindum stofnunum og innanríkisráð-neyti sem lúta að þeim efnisatriðum sem sérstaklega var óskað eftir að horft yrði til. Við mat og ályktanir var einkum tekið mið af lögum, reglugerðum og gjaldskrá sem varða þessar stofnanir. Þá var fundað með starfsmönnum Samgöngustofu og innan-ríkisráðuneytis.

Taka ber fram að almennt er það ekki á verksviði Ríkisendurskoðunar að taka til umfjöllunar lögfræðileg álitamál sem varða gjaldskrár opinberra stofnana, lögmæti þeirra gjalda sem þær innheimta fyrir þá þjónustu sem þær veita eða kvartanir sem lúta að slíku. Slíkt fellur fremur undir starfssvið umboðsmanns Alþingis og hefur hann sent frá sér fjölmörg álit sem slíku tengjast. Afmörkun þessarar úttektar og nálgun tekur mið af þessu.

Ekki Ríkisendur-koðunar að fjalla um lögfræðileg álitamál

Innanríkisráðuneyti , Samgöngustofa, Póst- og fjarskiptastofnun, Matvælastofnun og Fiskistofa fengu drög að skýrslunni til efnislegrar umsagnar. Auk þess var sérstaklega óskað eftir viðbrögðum innanríkisráðuneytis og Samgöngustofa við þeim ábendingum sem til þeirra er beint í skýrslunni. Svör þeirra eru birt í kaflanum „Viðbrögð við ábendingum“.

Ríkisendurskoðun þakkar þeim sem veittu upplýsingar og aðstoð við úttektina.



## 2 Gjaldskrá Samgöngustofu

### 2.1 Tilurð, lagastoð og forsendur

Hinn 1. júlí 2013 hóf Samgöngustofa, stjórnarsýslustofnun samgöngumála, starfsemi sína með sameiningu Umferðarstofu og Flugmálastjórnar Íslands og þeirra stjórnarsýslu- og eftirlitsverkefna sem áður voru á hendi Siglingastofnunar Íslands og Vegagerðarinnar. Samgöngustofa heyrir undir innanríkisráðuneyti og starfar samkvæmt lögum nr. 119/2012.

Samgöngustofa hóf starfsemi í júlí 2013

Eftir stofnun Samgöngustofu voru gjaldskrár Umferðarstofu, Flugmálastjórnar og Siglingastofnunar sameinaðar í gjaldskrá Samgöngustofu nr. 338. Innanríkisráðherra staðfesti hana 24. mars 2015 eftir að stofnunin og innanríkisráðuneyti höfðu kannað hvort lagaheimildir væru fyrir hendi vegna þeirra gjalda sem þar eru tíunduð. Í gjaldskránni er kveðið á um gjalddöku stofnunarinnar vegna útgáfu ýmiss konar skírteina, starfsleyfa og vottorða, skráninga, skoðana, eftirlits og heimilda sem varða flug, siglingar, umferð og öryggiseftirlit með samgöngumannvirkjum og leiðsögu.

Lagaheimildir vegna gjalda kannaðar

Engin heildarendurskoðun fór fram við sameiningu gjaldskrána þriggja heldur var lát-ið nægja að gera allra nauðsynlegustu breytingar á þeim, m.a. að uppfæra og samræma tímagjald fyrir útselda vinnu. Þá var einnig bætt við nokkrum nýjum gjaldaliðum sem lutu að lögbundnum verkefnum Samgöngustofu og gjaldaheimild var fyrir. Loks var horft til þess að gjaldtakan væri á kostnaðargrundvelli, þ.e. að fjárhæð gjalda tæki mið af þeim útgjöldum sem almennt hlytust af eftirliti og þjónustu stofnunarinnar. Engin eiginleg kostnaðargreining fór þó fram þar sem slík greining hafði nýlega verið gerð vegna gjaldskráa Umferðarstofu, Flugmálastjórnar og Siglingastofnunar.

Tímagjald uppfært og samræmt

Á gjaldskrá Samgöngustofu hafa tvívegis verið gerðar breytingar, fyrst með auglýsingu nr. 1033 frá 11. nóvember 2015 og síðan með auglýsingu nr. 303 frá 21. mars 2016. Vinna er hafin við heildarendurskoðun gjaldskrárinnar, þar sem m.a. er gert ráð fyrir samræmingu og uppfærslu gjaldaliða. Þá verður lögð áhersla á að samræma gjalddöku milli samgöngueininga eins og mögulegt er. Fyrirhugað er að gefa út nýja endurskoðaða gjaldskrá á árinu 2017 og er stefnt að nákvæmri kostnaðargreiningu þjónustu í tengslum við þá útgáfu. Að mati Ríkisendurskoðunar er mikilvægt að staðið verði við þessi áform. Samkvæmt upplýsingum frá Samgöngustofu um miðjan mars 2017 var þessi vinna enn á byrjunarstigi. Tiltekin greiningarvinna hafði þó farið fram.

Stefnt að endurskoðaðri gjaldskrá árið 2017

Gjaldskrá Samgöngustofu byggir á III. kafla (12.–14. gr.) laga um stofnunina þar sem kveðið er á um gjalddöku og aðrar tekjur stofnunarinnar. Eins og þar kemur fram getur gjaldtakan verið með ýmsum hætti. Í 12. gr. er gerð grein fyrir gjöldum sem fela í sér fasta gjalddöku (skattlagningarheimild), þ.e. sérstöku umferðaröryggisgjaldi, skráningargjaldi ökutækja, gjaldi vegna útgáfu lofthæfisskírteina og gjaldi vegna hljóðstígs- og mengunarvottorða. Um er að ræða fasta krónutölu sem bæði er tilgreind í lögum og gjaldskrá stofnunarinnar. Við gjalddöku vegna þessara þátta er því ekki gerður greinar-

munur á því hvar skoðun, skráning eða eigendaskipti ökutækis fer fram eða hvar hlutaðeigandi flugrekstraraðili er staðsettur. Þær tekjur sem hljótast af þessu hafa lengst af verið skilgreindar sem „markaðar tekjur“ og hefur stofnuninni ekki verið heimilt að nota þær að öllu leyti undanfarin ár. Hluti þeirra hefur því verið færður sem „bundið eigið fé“ í ársreikningi stofnunarinnar og nam það um 1,5 ma.kr. í árslok 2015.

Þjónustugjöld  
ýmist fast gjald  
eða tímagjald

Í 1. mgr. 13. gr. laga um Samgöngustofu eru tíunduð í 16 liðum þau þjónustugjöld sem stofnuninni er heimilt að innheimta við skoðun eða eftirlit samkvæmt staðfestri gjaldskrá stofnunarinnar. Flest þeirra áttu sér fyrirmynd í þeim lögum og gjaldskrám sem byggt hafði verið á fyrir stofnun Samgöngustofu. Þegar skoðun eða eftirlit felur í sér einfalda afgreiðslu sem ekki krefst mikillar yfirlegu starfsmanna er um að ræða fast gjald, þ.e. tiltekna krónutölu. Hana skal miða við meðaltalstíma í afgreiðslu. Þegar um er að ræða misviðamikla eða mistímafreka vinnu eða þjónustu sem eftirlitsskyldur aðili óskar sérstaklega eftir taka gjöld hins vegar mið af útlagðri vinnu eða kostnaði Samgöngustofu vegna þeirrar þjónustu sem veitt er hverju sinni. Þær tekjur hafa verið færðar sem „aðrar rekstrartekjur“ í bókhaldi stofnunarinnar.

Í 14. gr. er loks fjallað um tekjur stofnunarinnar af sérhæfðri þjónustu og verksamningum svo og af rannsóknarstarfsemi og þróunarverkefnum. Sú gjaldtaka skal ákveðin í viðmiðunargjaldskrá sem Samgöngustofa setur og ráðherra staðfestir. Þær tekjur sem hljótast af þessari þjónustu hafa verið færðar sem „sértekjur“ í bókhaldi stofnunarinnar.

Forsendur gjalda-  
útreiknings

Í 2. mgr. 13. gr. laga um Samgöngustofu er sérstaklega kveðið á um hvernig þau gjöld stofnunarinnar sem tilgreind eru í 1. mgr. sömu greinar skulu ákvörðuð, þ.e. þá kostnaðarliði sem leggja má til grundvallar við útreikning þeirra þjónustugjalda sem heimilt er að innheimta:

Við ákvörðun gjalda skal leggja til grundvallar kostnað vegna launa og launatengdra gjalda, framleiðslu, aksturs, þjálfunar og endurmenntunar, aðkeyptar sérfræðiþjónustu, húsnæðis, starfsaðstöðu, fjarskiptabúnaðar og tækja, stjórnunar- og stoðþjónustu og alþjóðlegrar samvinnu í þágu samgangna auk ferða og uppihalds og útlagðs kostnaðar, svo sem við ferðir, uppihald og aðkeypta sérfræðiþjónustu í þágu eftirlitsskylds aðila. Fjárhæð gjalda tekur mið af þeim kostnaði sem almennt hlýst af eftirliti og þjónustu.

Horft til athuga-  
semda umboðs-  
manns Alþingis

Þessi málsgrein á sér beina fyrirmynd í 1. gr. laga nr. 171/2006 um breytingu á lögum nr. 100/2006 um Flugmálastjórn Íslands. Í athugasemd við þá grein í frumvarpi til laganna var þess sérstaklega getið að með ákvæðinu væri leitast við að koma til móts við álit umboðsmanns Alþingis og athugasemdir hans um óskýrleika gjaldtökuheimilda, m.a. að oft væri óljóst hvaða kostnaðarliðum viðkomandi gjaldi væri ætlað að standa undir.

Gjöld taka mið af  
þeim kostnaði sem  
almennt hlýst af  
eftirliti

Mjög sambærileg ákvæði er að finna í lögum nr. 69/2003 um Póst- og fjarskipta- stofnun (sbr. lög nr. 172/2006), lögum nr. 36/1992 um Fiskistofu (sbr. lög nr. 67/2015) og aðalgjaldskrá Matvælastofnunar (sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 567/2012). Það sem helst greinir á milli er að í lögum um Samgöngustofu er sérstaklega tekið fram að fjárhæð gjalda taki mið af „þeim kostnaði sem almennt hlýst af eftirliti og þjónustu“.

Ekki er kveðið sérstaklega á um þetta í lögum um Póst- og fjarskiptastofnun, Matvælastofnun og Fiskistofu þótt af efni þeirra og gjaldskrár megi ráða að sama sjónarmið gildi þar.

Slík sjónarmið eru enda ríkjandi meðal fræðimanna og í stjórnsýslurétti um lögmæti gjalddöku í formi þjónustugjalds. Í því sambandi má t.d. vísa í grein Páls Hreinssonar lögfræðings „Skattur eða þjónustugjald?“ frá árinu 1998. Þar segir m.a.:

... ákvörðun fjárhæðar þjónustugjalda verður að byggjast á traustum útreikningi á þeim kostnaði sem almennt hlýst af því að veita viðkomandi þjónustu. Ef ekki er hægt að sérgreina nákvæmlega ákveðna kostnaðarliði, er talið heimilt að byggja þá á raunhæfri áætlun. Á hinn bóginn er ljóst, að sá, sem greiðir þjónustugjöld, getur yfirleitt ekki krafist þess að sá kostnaður sem hlýst af því að veita honum þjónustu sé reiknaður nákvæmlega út. Gjaldendur verða oftast að sæta því að greiða þjónustugjald, sem nemur þeirri fjárhæð, sem almennt kostar að veita viðkomandi þjónustu. Stjórnvöld geta því oftast reiknað út hvað það kostar að meðaltali að veita ákveðna þjónustu og tekið gjald samkvæmt því.

Samkvæmt þessu geta stofnanir byggt fjárhæð þjónustugjalda á raunhæfri áætlun á þeim kostnaði sem almennt eða að meðaltali hlýst af eftirliti og þjónustu þeirra ef ekki er hægt að greina nákvæmlega hvað kostar að veita þjónustuna. Þeim er því heimilt að innheimta einhvers konar jafnaðar- eða meðaltalsgjöld. Um leið er ljóst að þjónustugjöld stofnana eiga einungis að standa straum af þeirri þjónustu sem einstökum notendahópum er veitt hverju sinni. Þau eiga ekki að standa undir öðrum kostnaði stofnana eða greiða niður þjónustu við annan notendahóp.

Miðað við þær upplýsingar sem Ríkisendurskoðun aflaði sér hjá Samgöngustofu er í sumum tilvikum innifalin viss skekkja í gjaldskrá stofnunarinnar. Þetta á t.d. við um skráningu loftfara og útgáfu lofthæfisskráranna. Þar fer gjaldið eftir þyngd loftfars og sé loftfarið létt stendur gjaldið ekki undir þeirri vinnu sem fer í skráninguna og útgáfuna. Að mati Ríkisendurskoðunar er eðlilegt að tilvik á borð við þetta séu tekin til sérstakrar athugunar þegar ný gjaldskrá verður sett.

Ríkisendurskoðun kannaði ekki sérstaklega hvort fjárhæð einstakra gjalda Samgöngustofu væri í samræmi við útlagðan kostnað hennar í hverju tilviki fyrir sig þar sem stofnunin hyggst sjálf vinna slíka greiningu á þessu ári. Ríkisendurskoðun bendir á mikilvægi þess að vanda vel til þess útreiknings. Til að tryggja það er mikilvægt að Samgöngustofa standi við þau áform sín að innleiða verkbókhald í starfsemi sína árið 2017 þannig að öll starfsemi stofnunarinnar falli þar undir. Samgöngustofa notar nú verkbókhald að hluta til, m.a. er ævinlega byggt á því þegar innheimt er samkvæmt tímagjaldi. Auk þess er það notað í fleiri verkefnum, m.a. við eftirlitsstörf í flugtengdri starfsemi. Til að stuðla að auknu gagnsæi telur Ríkisendurskoðun einnig eðlilegt að í reikningum Samgöngustofu til viðskiptavina komi fram skýr tilvísun í gjaldaliði gjaldskrárinnar en það hefur ekki verið gert til þessa.

## 2.2 Fast gjald – tímagjald – ferðakostnaður

Gjaldskrá Samgöngustofu samanstendur af 22 megingjaldaflokkum sem flestir hafa nokkra undirflokk. Innan þeirra geta síðan verið fjölmargir misháir gjaldaliðir vegna

Útreikningur  
þjónustugjalda

Heimilt að inn-  
heimta jafnaðar-  
gjald

Viss skekkja í  
gjaldskrá Sam-  
göngustofu

Mikilvægt að vísa í  
gjaldaliði gjald-  
skrárinnar

Gjöld Samgöngu-  
stofu oftast  
jafnaðargjöld

mismunandi þjónustu. Eins og fram hefur komið er gjaldið í langflestum tilvikum jafnaðargjald, þ.e. miðað við fasta krónutölu. Undir gjaldaflokkinn „2. Skírteini lög-  
aðila“ fellur t.d. undirflokkurinn „2.2. Sigling“ sem m.a. geymir gjaldaliðinn „2.2.1. Haf-  
færisskírteini“. Fyrir slíkt skírteini innheimtir Samgöngustofa ævinlega 5.200 kr. Á  
sama hátt er ævinlega greitt sama gjald (2.130 kr.) þegar eigendaskipti ökutækja eru  
skráð, sbr. gjaldalið 4.1.60.

Tímagjöld eiga sér  
beina stoð í lögum

Eins og áður hefur komið fram er Samgöngustofu í sérstökum tilvikum heimilt að  
innheimta gjald fyrir hverja klukkustund sem tekur að veita tiltekna þjónustu, mat eða  
vottun. Þetta lýtur t.d. að því þegar aflu þarf aukalegra gagna, inna af hendi sérstaka  
skoðun eða fá umfjöllun sérfræðinga umfram það sem hefðbundið er. Umsækjanda  
um mat eða vottorð er þá gerð grein fyrir væntanlegum kostnaði fyrirfram. Eins og  
nefnt hefur verið á slíkt tímagjald sér beina stoð í lögum um stofnunina og er greint  
frá einstökum tilvikum í gjaldskránni sjálfri með vísun í tiltekið tímagjald. Tímagjaldið  
sjálft er síðan tilgreint í viðauka I við gjaldskrá stofnunarinnar.

Sem dæmi um slíka innheimtu má nefna að greiða þarf tímagjald ef óskað er eftir  
undanþágu frá ákvæðum laga um stærð og þyngd ökutækja eða ef samþykkja þarf  
teikningu ökutækis. Eins greiðist tímagjald fyrir eftirlit með viðgerðum skipa eða fyrir  
yfirferð og samþykkt smíðalýsinga og teikninga, skipamælingar, yfirferð stöðugleika-  
gagna, yfirferð hleðslumerkjaútreikninga, hleðslu- og stöðugleikaprófun, eftirlit með  
smíði eða breytingu skips, skoðun á skipi og búnaði þess og skráningu.

Heimilt að rukka  
fyrir útlagðan  
kostnað vegna  
þjónustu

Loks ber umsækjanda um leyfi, heimildir eða skírteini að greiða tímagjald vegna sér-  
fræðiþjónustu sem Samgöngustofa kaupir til yfirferðar og staðfestingar á gögnum,  
vottunar og úttekta eða vegna annars nauðsynlegs eftirlits sem varðar umsókn hans  
eða eftirlit með leyfi, heimild eða skírteini. Um getur t.d. verið að ræða lögfræði-,  
læknis- og endurskoðunarþjónustu. Um heimild stofnunarinnar til að endurkrefja um-  
sækjendur um slíkan útlagðan kostnað er bæði kveðið á í áðurnefndri 13. gr. laga um  
stofnunina og í gjaldskrá hennar, sbr. lið 22.3 „Útlagður kostnaður vegna sérfræði-  
þjónustu“.

Stundum heimilt  
að innheimta  
gjald vegna ferða-  
kostnaðar

Við gjaldtöku Samgöngustofu er yfirleitt ekki tekið tillit til mismunandi staðsetningar  
þeirra sem njóta þjónustu stofnunarinnar. Í sumum tilvikum er henni þó heimilt að  
innheimta gjald vegna ferðakostnaðar starfsmanna sinna. Slík heimild byggir, eins og  
áður hefur komið fram, á ákvæði 2. mgr. 13. gr. laga um Samgöngustofu og er  
sérstaklega kveðið á um hana í gjaldskrá stofnunarinnar í lið 22.2 „Ferðakostnaður“:

Þurfi starfsmenn Samgöngustofu að ferðast innanlands (utan höfuðborgarsvæðisins) eða  
erlendis, vegna starfa sinna (t.d. v/úttekta, eftirlits, heimildaveitinga, námskeiða), greiðir  
viðskiptavinur og/eða handhafi heimildar fargjöld starfsmanna og dagpeninga samkvæmt  
kjarasamningum starfsmanna ríkisins, enda sé ferðakostnaður og uppihald ekki innifalið í  
öðrum þjónustugjöldum. Heimilt er að innheimta vegna aksturs í samræmi við reglur sem  
gilda um akstursgjald ríkisstarfsmanna.

Vert er að vekja athygli á því að samkvæmt þessu ákvæði nær heimild Samgöngustofu  
til að innheimta kostnað vegna ferða og uppihalds starfsmanna einungis til þeirra til-

vika þegar slíkur kostnaður er ekki innifalinn í öðrum þjónustugjöldum. Einnig getur komið til að verkkaupi kaupi sjálfur farmiða fyrir eftirlitsmann eða, ef um flugfélag er að ræða, að eftirlitsmaður fljúgi með flugvél verkkaupa.

Sem dæmi um innheimtu sérstaks ferðakostnaðar má nefna að vegna skráningar nýrra loftfara eða eftirlits vegna nýsmíði skipa þurfa starfsmenn stundum að fara á staðinn og skoða forsendur. Slíkt ferðalag getur verið allt frá nokkurra klukkustunda ferð út á land til margra daga ferðar til útlanda. Aðilum er þá jafnan gerð grein fyrir þeim kostnaði sem kann að hljóta af slíkri þjónustu með tilliti til fyrirliggjandi upplýsinga um ferðakostnað.

Upplýst er fyrirfram um innheimtu ferðakostnaðar

Samkvæmt upplýsingum frá Samgöngustofu skýrist sá munur sem er innan gjaldskrár stofnunarinnar vegna tímagjalda og ferðakostnaðar starfsmanna af mismunandi uppbyggingu þeirra gjaldskráa sem voru sameinaðar við stofnun Samgöngustofu. Almenna reglan er sú að þegar tímagjald og/eða ferðakostnaður er ekki innheimt er sá kostnaður innifalinn í fastagjaldi tiltekinnar þjónustu, s.s. árgjaldi eða leyfi/heimild. Árgjöld eru af þeim sökum almennt hærri þegar tímagjald og ferðakostnaður eru ekki innheimt sérstaklega. Eftirfarandi umfjöllun sýnir hvernig staðið er að gjaldtöku eftir samgöngueiningum.

Árgjöld almennt hærri ef tímagjald og ferðakostnaður eru ekki innheimt sérstaklega

### Starfsemi tengd flugi

Þegar starfsmaður Samgöngustofu ferðast til útlanda vegna eftirlits eða úttekta á flugvélum greiðir viðkomandi verkkaupi fyrir flug og annan ferðakostnað hans eftir því sem við á, t.d. hótalgistingu, dagpeninga og þess háttar. Greitt er fyrir átta tíma vegna ferðakostnaðar, sama hvert farið er utanlands. Ef erindið er vegna eftirlits er ekkert greitt fyrir sjálft eftirlitið. Ef það er annars eðlis, t.d. úttekt, er greitt fyrir það tímagjald samkvæmt verkbókhalda. Þurfi starfsmaður að fara út á land, t.d. til Akureyrar, greiðir verkkaupi fyrir flug og/eða akstur starfsmanns, hótalgistingu hans og dagpeninga, ásamt tímagjaldi þegar við á. Ef farið er til Keflavíkur er ferðakostnaður ekki greiddur, einungis vinna vegna úttekta.

Ferðakostnaður ekki rukkaður vegna eftirlits í Keflavík

Athygli vekur að þegar fara þarf til Keflavíkur greiðir verkkaupi ekki fyrir akstur en ef farið er til Akureyrar þarf verkkaupinn að greiða fyrir akstur eða flug. Samkvæmt upplýsingum Samgöngustofu byggir þetta á gamalli hefð frá því að þessi mál voru á hendi Flugmálastjórnar. Að mati Ríkisendurskoðunar væri rétt að samræma þetta. Ef heimild er á annað borð fyrir tiltekinni gjaldtöku vegna ferðakostnaðar á ekki skipta máli hvert farið er til úttekta eða eftirlits utan höfuðborgarsvæðisins.

Samræma þarf innheimtu

Ríkisendurskoðun skoðaði nokkra reikninga Samgöngustofu til viðskiptavina hennar frá árinu 2016 vegna starfsemi sem tengist flugi og gerir ekki athugasemdir við þá nema við einn vegna ferðar til Keflavíkur. Þar var ekki innheimt gjald vegna aksturs.

Við eftirlit með flugvöllum er greitt fyrir allan kostnað. Greiðandinn er ævinlega Isavia ohf. Samkvæmt upplýsingum Samgöngustofu var umtalsverð breyting gerð á árgjaldi flugleiðsögu í nóvember 2015 vegna fjölgunar ársverka í samræmi við breytingu á umfangi eftirlitsins. Tilkynnt var um þetta með auglýsingu nr. 1033/2015 um breytingu á gjaldskrá Samgöngustofu nr. 338/2015. Isavia er greiðandi þessa gjalds að 96% en

Veðurstofa Íslands greiðir 4%. Áður en gjaldinu var breytt óskaði Isavia eftir rökstuðningi vegna fyrirhugaðrar breytingar en alla jafna fara breytingar á gjaldskrá í umsagnarferli til hagsmunaaðila.

### Starfsemi tengd siglingum

Samkvæmt gjaldskrá Samgöngustofu skulu útgerðarmaður skips og höfn greiða fyrir úttektir og árlegt eftirlit stofnunarinnar vegna skipa- og hafnaverndar samkvæmt útseldum taxa starfsmanns Samgöngustofu. Jafnframt greiða þessir aðilar fargjöld starfsmanns Samgöngustofu, hvort sem það er vegna aksturs eða flugs, dagpeninga samkvæmt kjarasamningum starfsmanna ríkisins og útselda vinnu á ferðatíma.

Vegna ferða utanlands skal greitt samkvæmt tímagjaldi. Vegna virkra daga nemur slíkt gjald átta tímum að viðbættum þremur álagstímum eða samtals 11 tímum. Um helgar nemur gjaldið sex tímum.

Ríkisendurskoðun skoðaði nokkra reikninga frá árinu 2016 sem tengdust siglingaeftirliti Samgöngustofu og voru þeir í samræmi við gjaldskrá. Ríkisendurskoðun spurðist sérstaklega fyrir um nokkur dæmi þar sem ekki hafði verið gerður reikningur fyrir ferðakostnaði. Samkvæmt svörum Samgöngustofu stóð til að gera það. Í einu tilviki hafði misfarist að gera reikning og í öðru tilviki hafði innheimtur ferðakostnaður vegna tiltekins eftirlits verið bókaður á annað verk. Ríkisendurskoðun hvetur stofnunina til að halda betur utan um gjaldheimtu sína.

### Starfsemi tengd umferð

Eldri uppbygging gjaldskrár gerði ráð fyrir því að eftirlit með skoðunarstöðvum og umboðum væri innifalið í skráningargjöldum ökutækja. Heimild er fyrir hendi til að fá greitt fyrir eftirlitið sérstaklega en eftir er að móta það gjald og fá samþykki innanríkisráðuneytis fyrir því.

Þegar Samgöngustofa veitir undanþágur frá ákvæðum reglugerða um stærð og þyngd ökutækja er tekið tímagjald sem samkvæmt gjaldskránni nemur 6.669 kr. Ríkisendurskoðun skoðaði nokkra reikninga í þessu sambandi frá árinu 2016 og eru þeir í samræmi við gjaldskrá. Vert er að taka fram að öll vinna stofnunarinnar við undanþágur er unnin á skrifstofu hennar í Reykjavík og er því ekki innheimtur neinn kostnaður vegna ferðalaga.

## 2.3 Kvartanir vegna gjaldskrárinnar

Samkvæmt upplýsingum frá Samgöngustofu hefur henni aðeins borist ein kvörtun sem lýtur að gjaldskrá stofnunarinnar. Kvörtunin sem er dagsett 11. desember 2015 var frá flutningasviði Samtaka verslunar og þjónustu (SVP) og tengdist afgreiðslu undanþága frá ákvæðum reglugerða um stærð og þyngd ökutækja. Þegar kvörtunin var lögð fram miðaði Samgöngustofa gjaldtöku sína við tímagjald A, 13.700 kr., samkvæmt viðauka I í gjaldskrá stofnunarinnar.

Í svarbréfi stofnunarinnar til Samtaka verslunar og þjónustu frá 15. desember 2015 var m.a. vísað til lagaheimildar í 13. gr. laga nr. 119/2012 um stofnunina. Jafnframt gat stofnunin þess að hún myndi yfirfara kostnaðargreiningu í þessu sambandi til að

Úttektir og eftirlit vegna skipa- og hafnaverndar

Halda þarf betur utan um gjaldheimtu

Samgöngustofu hefur aðeins borist ein kvörtun vegna gjaldtöku

kanna hvort gjaldtaka fyrir umrædda þjónustu ætti að falla í lægri gjaldaflokk. Þá kom fram í bréfinu að ákvörðun stofnunarinnar væri kæránleg til innanríkisráðuneytis. Eftir yfirferð á kostnaðargreiningunni ákvað Samgöngustofa að miða tímagjaldið við lið D, 6.669 kr. í viðauka I í gjaldskrá stofnunarinnar, enda hefði fyrra tímagjald stafað af mistökum. Hvorki var gerð athugasemd við þá ákvörðun né hún kærð.

Ekki hefur verið kvartað til stofnunarinnar yfir að fyrirtækjum sé mismunað eftir staðsetningu þeirra með innheimtu ferða- og dvalarkostnaðar til viðbótar við skoðunar-gjald samkvæmt gjaldskrá.

Samkvæmt upplýsingum innanríkisráðuneytis hafa því ekki heldur borist neinar kvartanir um að ekki sé fyrir hendi lagaheimild vegna gjalddöku Samgöngustofu. Af heimasíðu umboðsmanns Alþingis verður ekki heldur ráðið að hann hafi tekið til meðferðar kvartanir vegna gjalddöku stofnunarinnar.

Innanríkisráðuneyti hafa ekki borist neinar kvartanir

## 3 Gjaldskrá Póst- og fjarskipta- stofnunar

### 3.1 Tilurð, lagastoð og forsendur

Póst- og fjarskiptastofnun hefur umsjón með framkvæmd fjarskipta- og póstmála hér á landi og sinnir margvíslegum verkefnum á þeim sviðum. Samkvæmt lögum nr. 69/2003 um stofnunina hefur hún m.a. eftirlit með starfsemi fjarskiptafyrirtækja og póstrekenda, þar með talið fjárhagsstöðu þeirra, og skal fylgjast með því að starfsemi þeirra sé í samræmi við lög, reglugerðir, reglur, skilyrði eða ákvarðanir sem um starfsemina gilda og að starfsemin sé að öðru leyti í samræmi við heilbrigða og eðli-lega viðskiptahætti.

Upphafleg gjaldskrá Póst- og fjarskiptastofnunar, nr. 313/2002, með síðari breytingum, var sett með heimild í 12. mgr. 14. gr. laga nr. 69/2003 um stofnunina og staðfesti ráðherra hana. Skömmu síðar var lögnum breytt með lögum nr. 172/2006 og ýmis þáverandi þjónustugjöld (tíðni-, númera- og rekstrargjöld) fest í lög. Þar með féllu þau ekki lengur undir gjaldskrá stofnunarinnar. Þessar tekjur, ásamt öðrum lögbundnum tekjustofnum, nema nú um 95% af tekjum Póst- og fjarskiptastofnunar.

Jafnframt þessari breytingu var Póst- og fjarskiptastofnun sett ný og stórlega einfölduð gjaldskrá, nr. 1115/2006. Þeir tekjustofnar sem tilgreindir eru í gjaldskránni lúta einkum að endurgjaldi vegna eftirlits og þjónustu og nema einungis um 5% heildar-tekna stofnunarinnar. Í greinum 1–5 í gjaldskránni er fjallað um þessa tekjustofna en þeir eru:

1. Skráning fjarskiptafyrirtækja og póstrekenda og kostar hver skráning 9.000 kr.
2. Leyfisbréf fyrir búnað fyrir þráðlaus fjarskipti þegar hann er tekinn í notkun, við eigendaskipti eða breytingar á honum. Gjaldið fer eftir tiltekinni flokkun leyfisbréfa og er á bilinu 2.500–7.000 kr.
3. Leyfi og skírteini fyrir einstaklinga sem kosta 2.800 kr.
4. Skoðunargjald fyrir radiótæki í skipum og flugvélum. Gjaldið fer eftir tiltekinni flokkun skoðunargjalda og er á bilinu 21.900–57.500 kr.
5. Ýmis gjöld. Í þessum flokki er annars vegar innsiglisgjald, 4.800 kr., og hins vegar önnur þjónusta sem skal greiða samkvæmt útseldum taxta fyrir viðkomandi starfsmann.

Um forsendur gjaldskrár Póst- og fjarskiptastofnunar og þá kostnaðarliði sem hún skal eða hefur heimild til að taka tillit til við ákvörðun gjalda er kveðið á í 12. mgr. 14. gr. laga um stofnunina, sbr. lög nr. 172/2006, um breytingu á lögum um stofnunina. Þar segir:

Gildandi gjaldskrá  
Póst- og fjarskipta-  
stofnunar  
frá 2006

Forsendur gjald-  
skrárinnar



Ráðherra setur gjaldskrá fyrir aðra þjónustu sem Póst- og fjarskiptastofnun er falið að veita samkvæmt lögum þessum, lögum um fjarskipti og lögum um póstpjónustu. Heimilt er að taka gjald, sem miðast við kostnað, fyrir eftirfarandi þætti: skráningu fyrirtækja, útgáfu leyfisbréfa og skírteina, mælingar, innsiglanir og skoðun fjarskiptabúnaðar. Auk þess er Póst- og fjarskiptastofnun heimilt að taka gjald fyrir aðra þjónustu sem aðilar óska eftir. Við ákvörðun gjalda samkvæmt þessari grein skal leggja til grundvallar kostnað vegna launa og launatengdra gjalda, aksturs, þjálfunar og endurmenntunar, aðkeyprtar sérfræðiþjónustu, húsnæðis, starfsaðstöðu, fjarskipta, búnaðar og tækja, stjórnunar og stoðþjónustu og alþjóðlegrar samvinnu, auk ferða og upphalds sem af því leiðir.

Af þessu ákvæði má ráða að Póst- og fjarskiptastofnun og Samgöngustofu ber lögum samkvæmt að miða gjöld sín við sömu kostnaðarþætti. Að þessu leyti er enginn grundvallarmunur á stofnununum þótt gjaldskrá Samgöngustofu sé bæði viðameiri og flóknari. Enn fremur er ljóst að þau gjöld sem Póst- og fjarskiptastofnun innheimtir samkvæmt gjaldskrá eru að stofni til jafnaðargjöld. Sama gjald er því innheimt, hvort heldur skoðað er í Reykjavík eða á Reyðarfirði.

Gjöld Póst- og fjarskiptastofnunar oftast jafnaðargjöld

Póst- og fjarskiptastofnun metur reglulega forsendur gjaldskrár sinnar. Athygli vekur þó að fjárhæðir gjaldskrárinnar hafa verið óbreyttar frá árslokum 2006. Samkvæmt áðurnefndri 12. mgr. 14. gr. laga um Póst og fjarskiptastofnun skal þó við ákvörðun gjalda „leggja til grundvallar kostnað vegna launa og launatengdra gjalda, aksturs, þjálfunar og endurmenntunar, aðkeyprtar sérfræðiþjónustu, húsnæðis, starfsaðstöðu, fjarskipta, búnaðar og tækja, stjórnunar og stoðþjónustu og alþjóðlegrar samvinnu, auk ferða og upphalds sem af því leiðir“. Vænta má þess að slíkur kostnaður hafi tekið nokkrum breytingum frá árinu 2006 og að gjöld samsvari því tæpast raunkostnaði stofnunarinnar vegna þeirrar þjónustu sem stofnunin veitir nema eftirlitið hafi breyst á einhvern hátt, sé t.d. viðaminna, hagkvæmara eða skilvirkara en það var þegar gjaldskráin var sett. Að mati Ríkisendurskoðunar ber ráðuneytum og stofnunum að endurskoða gjaldskrár sínar reglulega.

Fjárhæðir gjaldskrár óbreyttar frá árslokum 2006

Frá því jafnaðargjaldi sem Póst- og fjarskiptastofnun innheimtir alla jafna eru reyndar nokkrar undantekningar. Í fyrsta lagi er vikið frá því þegar þjónusta stofnunarinnar fellur undir áðurnefnda 5. gr. gjaldskrárinnar um ýmis gjöld. Þar segir: „Fyrir aðra þjónustu skal greiða samkvæmt útseldum taxta viðkomandi starfsmanns.“ Þetta frávík byggir á ákvæði í 11. mgr. 14. gr. laga um stofnunina þar sem stofnuninni er heimilað að innheimta útlagðan kostnað samkvæmt reikningi:

Póst- og fjarskiptastofnun getur gert fjarskiptafyrirtæki eða póstrekkanda að greiða samkvæmt reikningi útlagðan kostnað, svo sem vegna sérfræðivinnu, við sérstakar kannanir sem stofnunin telur nauðsynlegar vegna eftirlits með starfsemi á þeirra vegum og rekja má sérstakan kostnaðarauka til atvika er varða fyrirtækið.

Gjaldskrá Póst- og fjarskiptastofnunar tilgreinir ekki sérstaklega hvað felst eða gæti falist í sérfræðivinnu eða annarri þjónustu stofnunarinnar en samkvæmt þeim upplýsingum sem Ríkisendurskoðun aflaði sér lýtur hún einkum að þjónustu sem sérstaklega er óskað eftir, t.d. skoðun á erlendum skipum (sbr. 5. gr. gjaldskrár Póst- og fjarskiptastofnunar). Í þeim tilvikum greiðir viðskiptavinur stofnunarinnar ekki aðeins

#### Tilfallandi samningar um sérstaka þjónustu

tímagjald viðkomandi starfsmanns samkvæmt verkbókhaldi hennar heldur einnig allan ferðakostnað hans, þ.e. vegna aksturs og/eða flugs, og loks dagpeninga.

Þá kemur fyrir að stofnunin geri tilfallandi samninga um sérstaka þjónustu þótt það sé ekki algengt. Árið 2017 fer t.d. fram vinna innan stofnunarinnar samkvæmt tveimur samningum. Annar þeirra er fyrir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti um ríkisstyrki en hinn fyrir Fjarskiptasjóð um mælingu farneta. Samningar eru gerðir á grundvelli kostnaðargreininga í hverju tilviki fyrir sig.

# 4 Gjaldskrár Matvælastofnunar

## 4.1 Tilurð, lagastoð og forsendur

Matvælastofnun hefur með höndum margvíslegt eftirlit, m.a. með fóðri, áburði, sáðvöru, meðferð fisks og framleiðslu sjávarafurða, matvælum, framkvæmd laga um dýravernd og ákvæðum laga um fiskeldi. Í starfsemi sinni byggir stofnunin í meginatriðum á þremur gjaldskráum sem allar eru settar með reglugerðum.

Reglugerð nr. 567/2012, með síðari breytingum, um gjaldskrá fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar er aðalgjaldskrá stofnunarinnar. Hún var sett með heimild í eftirfarandi ákvæðum laga: 25. og 26. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli, 11. gr. laga nr. 66/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, 11. og 17. gr. laga nr. 96/1997 um slátrun og sláturafurðir, 31. og 31. gr. a. laga nr. 55/1998 um sjávarafurðir, 8. og 8. gr. a. laga nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, 15. gr. laga nr. 90/2011 um skeldýrarækt, 33. gr. laga nr. 55/2013 um velferð dýra og 14. og 14. gr. a. laga nr. 71/2008 um fiskeldi.

Í öllum þessum lagagreinum er sérstaklega kveðið á um að gjaldskrár Matvælastofnunar skuli taka mið af þeim kostnaði sem hlýst af útgáfu starfsleyfa og vottorða, skráningu og móttöku umsókna og tilkynninga og leyfisveitingum og að gjaldið megi ekki vera hærra en sá kostnaður.

Gjöld ekki hærra en kostnaður

Í 1. gr. aðalgjaldskrár Matvælastofnunar er fjallað um meginforsendur gjaldtöku stofnunarinnar vegna gjaldskyldrar starfsemi hennar og segir þar:

Forsendur gjaldskrárinnar

Fyrir matvæla-, áburðar-, sáðvöru- og fóðureftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar skulu fyrirtæki, einstaklingar og lögaðilar greiða eftirlitsgjald í samræmi við gjaldskrá þessa. Gjald skal ekki vera hærra en raunkostnaður við eftirlitið til að standa straum af launum starfsfólks sem sinnir störfum vegna eftirlits, öðrum kostnaði vegna starfsfólks, þ.m.t. vegna aðstöðu, áhalda, búnaðar, þjálfunar, ferðalaga og tengds kostnaðar. Einnig skal greiða gjald vegna kostnaðar við sýnatöku og greiningu á rannsóknastofu.

Eins og hér kemur fram skulu gjöld Matvælastofnunar ekki vera hærra en raunkostnaður við það eftirlit sem stofnunin sinnir og í meginatriðum skal hún byggja ákvörðun sína um þau á sömu kostnaðarþáttum og Samgöngustofu og Póst- og fjarskiptastofnun ber að gera.

Samkvæmt 2. gr. reglugerðarinnar er gjald fyrir reglubundið eftirlit Matvælastofnunar með fyrirtækjum sem hafa verið áhættuflokkuð 20.870 kr. á klst. Aðeins er greitt fyrir þá vinnu sem fer fram á eftirlitsstað, þ.e. í gjaldinu er innifalinn allur undirbúningur, ferðatími, frágangur o.s.frv. Sem dæmi má nefna vinnu sem felst í því að starfsmaður stofnunarinnar undirbúi eftirlit í eina klukkustund, aki í aðra klukkustund á eftirlitsstað, sinni eftirliti í tvær klukkustundir, aki til baka í eina klukkustund og sinni síðan

Við reglubundið eftirlit skiptir staðsetning ekki máli

frágangi í eina klukkustund. Fyrir þessa sex tíma vinnu innheimtir stofnunin einungis tveggja klukkustunda gjald, þ.e. fyrir tímann sem starfsmaðurinn sinnir eftirliti á staðnum. Að auki er innheimt 3.300 kr. akstursgjald fyrir hverja eftirlitsheimsókn óháð frá því hvort eknir eru 30 eða 300 km eða jafnvel flogið á staðinn. Staðsetning skiptir því ekki máli.

Þá kemur fram í 2. gr. að gjald fyrir reglubundið eftirlit með fyrirtækjum sem ekki hafa verið áhættuflokkuð nemi fastri fjárhæð í samræmi við þá eftirlitsskyldu starfsemi sem tíunduð er í viðauka I með gjaldskránni. Greitt er fyrir hverja eftirlitsheimsókn. Sem dæmi má nefna að gjald fyrir eftirlit með framleiðslu hrámjólkur miðað við 5–100 kýr nemur 33.392 kr., gjald fyrir eftirlit með svínarækt þar sem alisvín eru færri en 500 nemur 108.524 kr. og gjald fyrir eftirlit með alifuglaeldi þar sem eldshús eru færri en 10 nemur 87.654 kr. Til viðbótar er greitt 3.330 kr. akstursgjald fyrir hverja eftirlitsheimsókn, óháð því hversu langt er ekið eða hvort flogið er á staðinn. Staðsetning skiptir ekki máli.

#### Reglur um tíma- gjald og innheimtu ferðakostnaðar

Falli reglubundið eftirlit með fyrirtækjum ekki undir ofangreindar tvær málsgreinar skal greiða sérstakt eftirlitsgjald samkvæmt 8. gr. gjaldskrárinnar. Sú grein gjaldskrárinnar hljóðar svo:

Fyrir annað eftirlit en tilgreint er í gjaldskrá þessari skal greiða tímagjald að fjárhæð 8.348 kr./klst. auk ferðakostnaðar. Tímagjald greiðist einnig vegna vinnu við leyfisveitingar og fyrir viðbótareftirlit. Fari eftirlit fram utan venjulegs vinnutíma, milli kl. 08.00–17.00 á virkum dögum, skal greiða tímagjald að fjárhæð 12.335 kr./klst. Greiða skal 3.330 kr. akstursgjald fyrir hverja eftirlitsheimsókn. Auk þess skal greiða kostnað vegna rannsókna og greininga á áburði, skelfiski, mjólk og ostum samkvæmt viðauka II, en kostnaður vegna annarra rannsókna og greininga skal greiðast af eftirlitsþola samkvæmt raunkostnaði.

#### Staðsetning getur skipt máli

Matvælastofnun innheimtir með öðrum orðum gjald fyrir allan þann tíma sem fer í það eftirlit sem fellur undir þessa grein auk tengdrar vinnu og fasts akstursgjalds. Við þetta eftirlit skiptir staðsetningin því máli þar sem greitt er að fullu fyrir ferðatímann. Þetta gildir einnig við gjaldtöku fyrir annað inn- og útflutningseftirlit en það sem er sérstaklega tíundað í 4. gr. reglugerðarinnar.

Í greinum 3–7a í reglugerðinni er fjallað um gjaldtöku vegna eftirfarandi:

1. Útgáfu leyfis og skráningu fóðurfyrirtækja. Ýmist er greitt fyrir slíkt gjald sem nemur einu tímagjaldi (8.348 kr.) eða hálfu (4.174 kr.).
2. Gjald vegna vinnu við inn- og útflutning samkvæmt tiltekinni gjaldatöflu sem spannar bilið frá 250–33.392 kr.
3. Eftirlitsgjald vegna heilbrigðisskoðunar á sláturdýrum samkvæmt tilteknu kílóaverði sem er á bilinu 1,2–6,6 kr.
4. Eftirlitsgjald vegna aðskotaefnamælinga í mjólk, eggjum og lagardýrum samkvæmt framlögðum framleiðslumagnstölum framleiðenda samkvæmt tilteknu krónugjaldi á tiltekna lítra og tonn.
5. Árlegt eftirlitsgjald vegna opinberra eftirlitssýna í fóðri sem byggt er á áhættuflokkun fóðurframleiðslufyrirtækja og er greitt samkvæmt tiltekinni

töflu. Gjald þetta er á bilinu 35.969–682.802 kr. eftir því í hvaða áhættuflokk fyrirtæki lendir.

6. Gjald fyrir umsókn um rekstrarleyfi í fiskeldi samkvæmt tiltekinni töflu yfir rekstrarleyfisflokka og gjaldi fyrir rekstrarleyfi.

Í þessum tilvikum er sama gjald óháð staðsetningu, þ.e. jafnaðargjald.

Auk reglugerðar nr. 567/2012 byggði Matvælastofnun gjaldtöku sína til skamms tíma á reglugerð nr. 525/2007 um innheimtu eftirlitsgjalds af innflutningi plantna. Hún var sett með heimild í ákvæði 2. mgr. 3. gr. laga nr. 51/1981 um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum. Samkvæmt reglugerðinni var ýmist greitt 1% eða 2% af vörum sem féllu undir tiltekin tollskránum sem flokkuð voru í reglugerðinni. Eftirlitsgjaldið var lagt á tollverð vöru og giltu ákvæði V. kafla tollalaga nr. 88/2005 eftir því sem við gat átt. Ekki skipti máli hvar varan var tollafgreidd, eftirlitsgjaldið var það sama. Með dómi nr. 78/2016 dæmdi Hæstiréttur þessa gjaldtöku ólögmeta þar sem hún ætti sér ekki lagastoð. Nú er því innheimt tímargjald samkvæmt áðurnefndri 8. gr. aðalgjaldskrá Matvælastofnunar, reglugerðar nr. 567/2012.

Tiltekin gjaldheimta dæmd ólögmet

Loks byggir Matvælastofnun gjaldtöku sína á gjaldskrá nr. 528/2009 vegna vinnslu og heilbrigðiseftirlits með hvalaafurðum, samkvæmt heimild í reglugerð nr. 489/2009 um vinnslu og heilbrigðiseftirlit með hvalaafurðum. Í 20. gr. þeirrar reglugerðar er fjallað um gjaldtöku en þar segir:

Eftirlit með verkunarstöðvum fyrir hvalkjöt

Matvælastofnun fer með eftirlit með verkunarstöðvum fyrir hvalkjöt og heilbrigðisskoðun á hvalaafurðum. Rekstrarleyfishafi skal greiða allar rannsóknir og eftirlit sem framkvæmt er samkvæmt reglugerð þessari.

Um innheimtu eftirlitsgjalds fer eftir gjaldskrá sem ráðherra setur og skal hún taka mið af kostnaði við undirbúning, ferðir, skoðun, frágang, samræmingu, sýnatöku og rannsóknir sýna vegna eftirlitsins. Þá skal jafnframt kveðið á um leyfisgjöld fyrir verkunarstöðvar og skip, sem og vegna uppruna- og heilbrigðisvottorða fyrir afurðir sem seldar eru innanlands eða fluttar á erlenda markað.

Í 1. og 2. gr. gjaldskrárinnar er fjallað um gjald fyrir útselda vinnu sérfræðings og ferðakostnað. Gjaldið fyrir eftirlitið er eftirfarandi:

Gjöld fyrir útselda vinnu

- a. Eftirlit sem framkvæmt er á dagvinnutíma (frá kl. 8.00 til kl. 17.00): 7.460 kr./klst.
- b. Eftirlit sem framkvæmt er á yfirvinnutíma (frá kl. 17.00 til kl. 8.00): 12.396 kr./klst.

Til viðbótar innheimtir Matvælastofnun ferða- og uppihaldskostnað í samræmi við reglur ferðakostnaðarnefndar fjármála- og efnahagsráðuneytis. Gjald er greitt fyrir ekna kílómetra samkvæmt útgefnu mati Ríkisskattstjóra. Samkvæmt því skiptir staðsetning máli við gjaldtöku fyrir þetta eftirlit en raunar er aðeins ein hvalstöð í landinu og greiðir hún Matvælastofnun fyrir þennan akstur. Ekki er tekið gjald fyrir ferðatímann.

Ferða- og uppihaldskostnaður innheimtur

Í greinum 3-5 í gjaldskránni er fjallað um gjaldtöku vegna eftirfarandi:

- ✓ Gjald vegna útgáfu starfsleyfis fyrir hrefnuveiðiskip (29.840 kr.) og verkunarstöðvar fyrir hvalkjöt (119.360 kr.). Ef útgáfa starfsleyfis hefur í för með sér meiri kostnað fyrir Matvælastofnun en sem nemur þessu tiltekna gjaldi er heimilt að innheimta tímagjald fyrir þá umframvinnu samkvæmt 1. gr. gjaldskrárinnar. Gjald er greitt fyrir ekna kílómetra samkvæmt útgefnu mati Ríkisskattstjóra. Ekki er tekið gjald fyrir ferðatímann.
- ✓ Gjald til að standa undir kostnaði vegna útgáfu uppruna- og heilbrigðisvottorða 4.000 kr. pr. vottorð. Ef útgáfa vottorðs er umfangsmikil og hefur í för með sér meiri kostnað fyrir Matvælastofnun en nemur þessu gjaldi er heimilt að innheimta tímagjald fyrir þá umframvinnu samkvæmt 1. gr. Gjald er greitt fyrir ekna kílómetra samkvæmt útgefnu mati Ríkisskattstjóra. Ekki er tekið gjald fyrir ferðatímann.
- ✓ Við sýnatökur og rannsóknir sýna er kostnaður greiddur af starfsleyfishafa samkvæmt tímagjaldi samkvæmt 1. gr. gjaldskrárinnar. Gjald er greitt fyrir ekna kílómetra samkvæmt útgefnu mati Ríkisskattstjóra. Ekki er tekið gjald fyrir ferðatímann.

Um gjaldskrá Matvælastofnunar gildir því í grunninn sama meginhugsun og um gjaldskrár áðurnefndra stofnana. Að stofni til er um jafnaðargjald að ræða en þó er í vissum tilvikum innheimt tímagjald og einnig kemur fyrir að ferðakostnaður er innheimtur.

# 5 Gjaldskrá Fiskistofu

## 5.1 Tilurð, lagastoð og forsendur

Samkvæmt lögum nr. 36/1992 um Fiskistofu er stofnuninni falið að starfa að stjórn-sýsluverkefnum á sviði sjávarútvegsmála, lax- og silungsveiði, fiskræktar o.fl., m.a. skal hún annast framkvæmd laga um stjórn fiskveiða og eftirlit með fiskveiðum. Einnig skal hún annast eftirlit samkvæmt lögum um lax- og silungsveiði, lögum um fiskrækt o.fl.

Samkvæmt 5. gr. laga um Fiskistofu, eins og þeim var breytt með lögum nr. 67/2015, er stofnuninni heimilt að innheimta gjöld fyrir þjónustu og eftirlit sem henni er falið að sinna samkvæmt þessum lögum og öðrum lögum sem nánar eru tilgreind í 1. mgr. ákvæðisins. Heimildin nær til leyfisveitinga, vottorða, eftirlits og annarrar þjónustu sem nánar er tilgreind í 15 töluliðum í 2. mgr. 5. gr. Fiskistofa leggur á og innheimtir gjöld vegna eftirlits og þjónustu samkvæmt gjaldskrá nr. 1197/2016 sem ráðherra staðfesti 28. desember 2016 að fengnum tillögum Fiskistofu. Gjaldskráin gildir frá 1. janúar 2017 og skal endurskoða hana fyrir árslok 2017.

Í 3. mgr. 5. gr. laga um Fiskistofu er sérstaklega kveðið á um hvernig gjöld hennar skuli ákveðin og er það ákvæði í góðu samræmi við sambærileg ákvæði í lögum um Samgöngustofu og Póst- og fjarskiptastofnun og gjaldskrá Matvælastofnunar:

Fyrir eftirlit og þjónustu samkvæmt þessari grein skal greitt gjald sem er ekki hærra en raunkostnaður til að standa straum af kostnaðarpáttum við veitingu þjónustu og eftirlits. Þannig skal við ákvörðun gjalda leggja til grundvallar kostnað vegna launa og launatengdra gjalda, ferðakostnað, kostnað vegna þjálfunar og endurmenntunar, aðkeyptar sérfræði-þjónustu, húsnæðis, starfsaðstöðu, fjarskiptabúnaðar og tækja, stjórnunar og stoðþjónustu.

Þessi skilningur er áréttaður í 1. gr. núgildandi gjaldskrár: „Gjald fyrir eftirlit og þjónustu skal að hámarki nema raunkostnaði af veitingu þjónustu og eftirlits.“ Fjárhæð gjalda er tilgreind í einstökum greinum gjaldskrárinnar og miðast þau ýmist við tíma-gjald sérfræðings eða veiðieftirlitsmanns, tilgreindar úttektir, t.d. úttekt á vigtunar- aðstöðu, eða útgáfu tiltekinna vottorða, t.d. vinnsluvottorða.

Þess ber að geta að áður en gjaldskrá nr. 1197/2016 var sett innheimti Fiskistofa gjöld samkvæmt gjaldskrá nr. 1177/2015 sem gilti fyrir árið 2016. Var það fyrsta gjaldskrá stofnunarinnar. Við undirbúning hennar lagði stofnunin fyrir ráðherra greinargerð þar sem fram kom að töluverð vinna hefði farið í greiningu á útgjöldum og kostnaði stofnunarinnar til að finna raunkostnað vegna þeirra þátta í starfsemi sem gjaldtökuheimildirnar taka til. Í því skyni voru kannaðar rekstrartölur og kostnaðarliðir í bókhaldi Fiskistofu á árunum 2012, 2013 og 2014 og þeir liðir teknir frá sem ekki gátu myndað grunn að útreikningi gjalda.

Gjaldskrá Fiski-  
stofu frá 1. janúar  
2017

Forsendur gjald-  
skrárinnar

Gjöld skulu að  
hámarki standa  
undir raunkostnaði

Talsverð vinna lögð  
í að reikna út raun-  
kostnað

Í því sambandi var þess m.a. getið að til grundvallar gjaldskránni væri útreikningur raunkostnaðar stofnunarinnar vegna skrifstofumanns eða sérfræðings annars vegar og veiðieftirlitsmanns hins vegar. Tímafjöldi verkefna væri ávallt reiknaður út frá launa- og starfstengdum kostnaði stofnunarinnar. Þegar um vinnu veiðieftirlitsmanna væri að ræða hefðu rekstur bifreiða, akstur og dagpeningar fyrir ferðir verið jafnskipt fyrir þá þjónustu og gjaldskýlt eftirlit. Fyrir veru eftirlitsmanna um borð í skipum eða störf erlendis væri aðeins miðað við launakostnað stofnunarinnar fyrir hluta úr degi.

Staðsetning hefur almennt ekki áhrif á gjöld

Samkvæmt þessu hefur staðsetning því almennt ekki áhrif á gjald samkvæmt gjaldskránni og var þess jafnræðis gætt við setningu hennar fremur en að staðsetning starfsstöðva Fiskistofu og fjarlægð frá eftirlitsstað hefði áhrif á gjaldafjárhæðir og kostnað vegna aukins aksturs og/eða fjölda vinnustunda. Það er með öðrum orðum jafnaðargjald óháð staðsetningu. Sem dæmi má nefna að ávallt eru innheimtar 165.800 kr. fyrir svokallað heimavigtunarleyfi og 147.800 kr. fyrir svokallað endurvigtunarleyfi. Eins eru ævinlega innheimtar 108.000 kr. vegna úttektar Fiskistofu á búnaði til vinnslu um borð í skipum.

Dæmi um að innheimt sé fyrir útlagðan kostnað

Samkvæmt 10. gr. gjaldskrárinnar, sem fjallar um eftirlit Fiskistofu með löndun úr skipi erlendis, eru þó dæmi um að innheimt sé fyrir útlagðan kostnað: „Vegna ferðar eftirlitsmanns til að fylgjast með löndun úr skipi erlendis skal greiða 61.300 kr. vegna starfa eftirlitsmanns fyrir hvern dag eða hluta úr degi, sem eftirlitsmaður er að störfum. Ferð skal greidd í samræmi við útlagðan kostnað Fiskistofu.“

Í sömu grein kemur einnig fram að gjald er innheimt fyrir hvern dag eða hluta úr degi, sem veiðieftirlitsmaður er að störfum um borð í skipi sem stundar veiðar eða hefur leyfi til að vinna afla um borð. Sama gjald er innheimt þegar ástæða þykir til að fylgjast sérstaklega með veiðum og þegar ákveðið hefur verið að veiðieftirlitsmaður skuli vera um borð í skipi. Slíkt gjald fyrir hvern dag eða hluta úr degi er 76.200 kr.

Tímagjald greitt í vissum tilvikum

Loks ber að geta þess að fyrir sérstakan aðgang að gagnasöfnum og sérvinnslu upplýsinga greiðist tímagjald samkvæmt tímavinnu sérfræðings. Það nemur 16.258 kr.

Að mati Ríkisendurskoðunar er enginn grundvallarmunur á gjaldskrá Samgöngustofu og Fiskistofu.





Ríkisendurskoðun – Bríetartúni 7  
Pósthólf 5350 – 125 Reykjavík  
Sími 569-7100  
[postur@rikisend.is](mailto:postur@rikisend.is) – [www.rikisendurskodun.is](http://www.rikisendurskodun.is)